

Fundargerð 128. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 23. febrúar 2018, kl. 09.30 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Reykjanesbæ.

Mættir:

Georg Brynjarsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Sigurgestur Guðlaugsson, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Snorri Páll Snorrason frá Verkís kom inn á fundinn undir lið nr. 3.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Kauptilboð í Suðurbraut 890.*

Tvö tilboð bárust í fasteignina að Suðurbraut 890, annars vegar frá Sverri Sverrissyni hf. og hins vegar frá Húsvakri ehf.

Stjórn samþykkti að ganga að tilboði Húsvakurs ehf.

3. *Mengunarmál. Efnagreining á grunnvatni.*

Snorri Páll Snorrason frá Verkís kom inn á fundinn og kynnti stöðu rannsókna á grunnvatni á svæðinu. Kynnti hann jafnframt minnisblað um frekari rannsóknir.

Framkvæmdastjóra var falið að gera minnisblað um stöðu mengunarmála. Stjórn samþykkti að fara í frekari rannsóknir samkvæmt framlögðu minnisblaði frá Verkís.

4. *Uppgjör skulda við ríkissjóð*

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að minnisblaði um fjárhagslega stöðu félagsins gagnvart ríkissjóði. Stefnt er að því að félagið verði skuldlaust við ríkissjóð svo fljótt sem auðið er.


5. *Önnur mál.*

*Samstarf Miðnesheiðar.*

Umræður voru um samstarf við sveitarfélögin Garð, Sandgerði og Reykjanesbæ auk Isavia um sameiginlega þróun landsvæða.

Næsti fundur verður haldinn í apríl 2018.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.



Steinunn Sigvaldad  
Georg Brynjarsson